

Opna Reykjavíkurmótið í keilu 2012

Einstaklingskeppni karla og kvenna.

Skráning er hafin í Reykjavíkurmót einstaklinga 2012. Skráning fer fram á [netinu](#) og lýkur fimmtudaginn 6. september, kl. 21:00.

Keppnin fer fram í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. Leiknir verða 9 leikir í forkeppni og komast fjórir efstu (karlar og konur) áfram í úrslit. Úrslitin eru þannig að 1. og 4. sætið og 2. og 3. sætið úr forkeppninni leika saman. Sá/sú sem fyrr vinnur tvo leiki heldur áfram. Sigurvegararnir úr leikjunum leika svo innbyrðis og sá/sú er fyrr vinnur tvo leiki hlýtur titilinn Reykjavíkurmeistari einstaklinga. Þeir sem tapa spila innbyrðis um þriðja sætið og sigrar sá/sú er fyrr vinnur tvo leiki.

Keppnin fer fram í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. Forkeppnin hefst laugardaginn 8. september kl 9:00 þar sem spilaðir eru 6 leikir. Sunnudaginn 9. september kl 9:00 eru spilaðir 3 leikir í forkeppni og úrslitin strax á eftir.

Verð er kr. 4.000.

Vinsamlegast skráið ykkur tímanlega.
Undirbúningsnefnd áskilur sér rétt til breytinga í forkeppninni.

Reykjavíkurfélögin